

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vegamála.

1. gr.

Eftirtalin EES-gerð sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 18. lið:

- 18a. Tilskipun ráðsins 93/89/EBE frá 25. október 1993 um álagningu gjalda á tiltekin ökutæki notuð til vöruflutninga á vegum og vegatolla og notendagjöld af tilteknum samgöngumannvirkjum í aðildarríkjunum.

2. gr.

Gerð samkvæmt 1. gr. er birt í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 388-394, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi komi í stað 32. liðar:

32. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópþingreiðum.

2. Í stað 33. liðar komi eftirfarandi:

33. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1839/92 frá 1. júlí 1992 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins nr. 684/92 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa, eins og henni er breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2944/93 frá 25. október 1993.